

Dómsmálaráðherra
Jón Gunnarsson
Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
dmr@dmr.is



Reykjavík 12. maí 2022

Efni: Ýmis mál tengd eftirliti lögreglu með hópbifreiðum

Samtök ferðapjónustunnar hafa um nokkurra ára skeið bent á hnökra varðandi eftirlit lögreglu með starfsemi og akstri hópbifreiða. Svo virðist sem umferðareftirlit lögreglu hafi ekki skýrar verklagsreglur um eftirlit með hópbifreiðaaakstri, sérstaklega þegar kemur að ómerktum og/eða ólöglegum ökutækjum. Þar ber helst að nefna eftirfarandi atriði:

Ökuritar og akstur í eigin þágu – Heimild til aksturs hópbifreiða fyrir 10 manns og fleiri er opnari hér á landi en í nágrennalöndum okkar. Hér er t.d. hægt að leiga minni rútur fyrir 10-18 farþega án þess að bílstjóri hafi ökuritakort og sýni fram á að aksturinn sé í atvinnuskyni á meðan það er ekki hægt í öðrum löndum Evrópu. Þetta hefur haft í för með sér að eftirlit lögreglu beinist aðeins að leyfishöfum og ekkert að þeim sem eru mögulega að stunda ólöglegan atvinnuakstur á ómerktum hópbifreiðum. Samtök ferðapjónustunnar telja afar mikilvægt að settar séu skýrar reglur um útleigu hópbifreiða þannig að allir sem aka slíkum ökutækjum geti sýnt fram á að þeir hafi ökuritakort og að eftirlit með þessum ökutækjum og ökumönnum sé stundað til jafns við eftirlit með hefðbundnum hópbifreiðarekstri.

10 daga reglan – Lög um farþegaflutninga gera nú ráð fyrir að erlendir rekstraraðilar hópbifreiða hafi heimild til að stunda akstur í 10 daga innan hvers almannaksmánaðar. Samtök ferðapjónustunnar hafa bent á að framkvæmd og eftirlit með fyrrgreindri reglu hefur ekki verið skýrt af hálfu tollgæslu og lögreglu. Nú hefur samgönguráðuneytið átt fund með tollgæslu og lögreglu og standa vonir til að framkvæmdin verði eflað nú í sumar þegar von er á að erlendir aðilar reyni að hasla sér völl hér á landi með félagslegum undirboðum.

Þrátt fyrir að fyrrgreind atriði heyri að mestu undir samgönguráðuneytið óska samtökin eftir aðstoð dómsmálaráðherra og dómsmálaráðuneytis við að hvetja til að setja skýrar reglur og framkvæmd skráninga og eftirlits verði skýr og vel kynnt hlutaðeigandi aðilum

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri